**BYGGINGARLÝSING/GREINAGERÐ skv. gr. 4.3.9 í byggingarreglulerð:**

**a: Almenn atriði:**
Austurbrúnir 20 - Bláskógarbyggð.
Matshluti 03, Landnúmer: 193190, Staðgreinir: 8719-1-12700200.

**b: Notkun eða starfsemi, fjöldi starfsmanna (ef við á):**
Um er að ræða gestahús.

**c: Fjöldi hæða, heildarstærð hverrar hæðar ($m^2$ og $m^3$) og byggingar í heild:**
Húsið er á einni hæð, stærðir sjá töflu "helstu stærðir".

**d: Stærð lóðar, nýtingarhlutfall, bílastæði og bílastæði fatlaðra (ef við á) :**
Sjá töflu: "helstu stærðir". Bílastæði gilda fyrir hús sem er til staðar.

**e: Almenn lýsing á burðarkerfi:**
Gólf hússins er úr timburgrind 45x195, einangrað með 200mm steinull.
Útveggir úr 45x145mm timburgrind sem klæðast að utan með 9mm krossvið (stífing og loftþétting) skv. verkfræði-hönnun/teikningum.
Þaksperrur úr 45x245mm timbri sem klæðast ofanfrá með 18mm OSB plötum (stífing) skv. verkfræði-hönnun/teikningum.
Mænisbiti úr límtré sem ber þaksperrur skv. verkfræði-hönnun/teikningum.

**f: Gerð og frágangur þaks og útveggja ásamt litavali:**
Þak: Timbursperrur skv. e-lið, einangraðar skv. h-lið, heilklæddar með OSB plötum, þakpappa og málmklæðningu eða sambærilegu. Loftunarbil fyrir ofan einangrun skal vera að lágmarki 25mm svk. reglugerð og loftunaropnun inn í loftunarbil skv. útreikning sem um hana gildir í reglugerð. Að innanverðu komi rakavarnarlag, raflagnagrind og þá plötuklæðning. Litur ystu þakklæðningar sé svartur.
Útveggir: Timburgrindur skv. e-lið, einangraðar skv. h-lið, klæddar að utan með 9mm krossvið, loftunargrind sem er minnst 20mm skv. reglugerð og þá liggjandi viðarklæðning sambærilegt. Litur: Greni.
Að innanverðu komi rakavarnarlag, raflagnagrind og þá plötuklæðning.

**g: Gerð og hæð handriða innan og utanhúss, einnig á lóð:**
Á ekki við hér.

**h: Einangrun og U-gildi:**
Gólfbotn: 200mm steinullar-einangrun.
Útveggir: 150mm steinullar-einangrun, Þak: 220mm steinullar-einangrun með vindpappa.
Í öllum gluggum er amk. tvöfalt k-gler.
U-gildi > sjá töflu: U-gildi fyrir byggingarhluta.

**i: Gerð innveggja og innihurða, hljóðeinangrun og brunavörn:**
Léttir innveggir eru byggðir upp úr 70mm timburgrind er klæðist með plötu-klæðningu beggja vegna og einangrist með 70mm steinull.
Innihurðir eru klassískar timburhurðir með þröskuldi. Stærð ljósops: 0,8 x 2,0m.
Innveggir uppfylla hljóðvistarkröfuflokk C skv. ÍST 45: 2016.
Plötuklæðning innveggja uppfylli skilyrði um klæðningar í flokki 2 skv. ÍST EN 13501-1.

**j: Kerfisloft og uppbyggð gólf:**
Á ekki við hér.

**k: Lagnaleiðir, upphitun og loftræsing:**
Frárennsli frá húsi tengist við roþró sem er til staðar.
Upphitun verður með gólfhitakerfi, innsteypt í gólfplötu, sem fæðist með heitu vatni frá rafhitakút eða varmadælu.
Neysluvatnslagnir eru innsteyptar í gólfplötu og einnig í veggjum.
Kalt vatn skal lagt undir botneinangrun.
Viðeigandi búnaður skal settur upp við inntök til að koma í veg fyrir að hiti neysluvatns fari yfir 60-65°C á töppunarstað sé hitastig vatns við inntak hærra.
Raflagnir eru ýmist innsteyptar í gólfi og/eða í lagnagrind í veggjum/lofti.
Fram kemur á teikningum hvar niðurföll eru staðsett.
Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum.

Loftræsing skv. gr. 10.2.5. í byggingarreglugerð.
Vélræn loftræsing (útsog) skal vera úr eldhúsi, baðherbergjum, þvottaherbergi og í gluggalausum rýmum ef um þau ræðir en almenn loftræsing er um opnanleg fög. Einnig skal gætt að ferskt loft eigi greiða leið inn og til móts við vélrænt útsog.

**l: Brunavarnir, flóttaleiðir og allur brunavarnabúnaður:**
Sjá "Brunamál" hér til hliðar.

**m: Hljóðvistarkröfur:**
Húsið heyrir undir og uppfyllir hljóvistarkröfuflokk C skv. ÍST 45: 2016.

**n: Öryggisbúnaður:**
Á ekki við hér.

**o: Tæknibúnaður:**
Á ekki við hér.

**p: Aðgengi og algild hönnun:**
Notkun hússins er skilgreind sem gestahús sem er ekki hannað á forsendum algildrar hönnunar.

**q: Frágangur lóðar:**
Núverandi aðstæður gilda.

**r: Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna:**
Núverandi aðstæður gilda.

**s: Aðrar sértækar aðgerðir:**
Á ekki við hér.

**BRUNAMÁL:**

Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum.

Bygging í notkunarflokki 3 skv. töflu 9.01 í reglugerð
Byggingin er eitt brunahólf.

Fram kemur á uppdráttum staðsetningar reykskynjara, slökkvitækja, rýmingarleiða.
Breidd björgunarops skal vera minnst 0,6m (ljósmál) og hæð minnst 0,6m (ljósmál) og skal samanlögð hæð og breidd ekki vera minni en 1,5m.
Hæð frá gólfi að björgunaropi má ekki vera meiri en 1,2m.
Fjöldi reykskynjara skal vera að lágmarki 1stk. fyrir hverja 80m2 gólfflatar.
Við endanlega ákvörðun um gerð og staðsetningu slökkvitækja er hægt að hafa samráð við eldvarnareftirlit.
Loft- og veggklæðningar (útveggir) innanhúss séu í flokki 2.




Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sambykkt
05. mai 2021
Byggingarfulltrúi

**HELSTU STÆRÐIR (brúttó):**

Matshluti 03:

| | | |
|---|---|---|
| Gestahús............................ | 40,0 $m^2$ | 124,5 $m^3$ |
| Sumarbústaður (01)........... | 111,6 $m^2$ | |
| Geymsluhús (02)...................... | 13,5 $m^2$ | |
| Heildarstærð lóðar............. | 6.694,0 $m^2$ | |
| Nýtingarhlutfall ................. | 0,025 | |

Einstakir byggingahlutar skulu uppfylla eftirfarandi U-gildi samkvæmt byggingarreglugerð.
Reiknuð gildi eru í sviga fyrir aftan reglugerðargildin.

| (Ti þýðir hitastig inni) | U-gildi (W/m²k) Ti ≥ 18°C: | |
|---|---|---|
| Þak ........................................................ | 0,20 | (0,19) |
| Útveggur (léttur) ................................ | 0,30 | (0,25) |
| Gluggar (karmar og gler) .................... | 2,0 | (1,90) |
| Hurðir ................................................... | 2,0 | (1,90) |
| Gólf (á fyllingu) með gólfhita................ | 0,30 | (0,29) |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir gluggar og hurðir)................................ | 0,85 | |

20220253

| Ú1 | 05.04.21 | GRG | Frumútgáfa |
|---|---|---|---|
| Útgáfa: | Dagsetn: | Af: | Skýring: |

CEDRUS EHF.
TEIKNI- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
MIÐTÚN 20, 800 SELFOSS, S: 482-1166
WWW.CEDRUS @ SIMNET.IS S: 863-3004

AUSTURBRÚNIR 20
Bláskógarbyggð - 805 Selfoss
Gestahús

Teikninúmer: 100-00

Aðaluppdrættir:
Afstöðumynd
Byggingarlýsing og skýringar

Mælikvarði: 1:500

Teiknað: Gísli Rafn Gylfason — Frumstærð teikningar: A2
Hönnunarstjóri: Valur Arnarson — 051073-5099
Dagsetning: 05.04.2021 — Verknúmer: 21 006
Áritun hönnuðar: Valur Arnarson 051073-5099